

1. febrúar 1993

GEISLASKAMMTAR

VIÐ

BRJÓSTAMYNDATÖKUR

Tord Walderhaug^(a), Baldur F. Sigfússon^(b), Guðlaugur Einarsson^(a)
Sigurður M. Magnússon^(a) og Smári Kristinsson^(b)

(a) Geislavarnir ríkisins, Laugavegi 118d, 150 Reykjavík.

(b) Krabbameinsfélag Íslands, Skógarhlíð 8, Posthólf 5420, 125 Reykjavík.

Abstract - A dose measurement procedure for mammography which is based on automatic acquisition of exposure parameters is described. An assessment of the mean glandular tissue dose in the national mammography screening program for the period 1990 -1992 is presented. The mean dose per radiograph was 1.3 mGy. The standardized doses, expressed as mean glandular tissue dose for 45 mm thick breast with 50% glandular tissue content and measured with 45 mm perspex, have also been assessed for each unit used in the mammography screening. The doses from the three units evaluated were 1.2, 1.1 and 2.4 mGy respectively. Use of stationary aluminium interspaced scattering grid is the reason for the highest dose. An evaluation of the risk in connection with the mammography screening is also presented. A conservative estimate gives one radiation induced breast cancer every 11th year with today's practice.

Samantekt - Lýst er aðferð sem byggist á sjálfvirkri söfnun tókugilda, til mælinga á geislaskömmtum við brjóstamyndatöku. Meðalgeislaskammtur kirtilvefs við hópskoðunina á árunum 1990 til 1992 er metinn. Meðalgeislaskammtur á röntgenmynd var 1,3 mGy. Einnig hefur meðalgeislaskammtur fyrir staðlað brjóst verið metinn, þ.e. meðalgeislaskammtur kirtilvefs 45 mm þykks brjósts, sem hefur 50% kirtilvefs innihald og mælt með 45 mm plexigleri. Þessi þrjú tæki sem metin hafa verið og notuð eru í hópskoðuninni sýndu 1,2, 1,1 og 2,4 mGy. Notkun fastrar síu með ál-milliefni er ástæðan fyrir hæsta geislaskammtinum. Áhættan samfara hópskoðuninni hefur einnig verið metin. Búast má við einu tilfelli af geislamynduðu brjóstakrabbameini á 11 ára fresti.

Efnisyfirlit

Samantekt		
1.	Inngangur	1
2.	Framkvæmd	2
2.1	Framkvæmd mælinga	4
	Jónun í lofti sem fall af straumtíma	4
	Helmingunargildi (HVL)	5
	Háspenna	6
2.2	Tölvuvinnsla	7
3.	Niðurstöður	9
3.1	Niðurstöður frá einstökum tækjum	9
	Röntgentækið í Reykjavík	9
	Farandröntgentækið	11
	Röntgentækið á Akureyri	12
3.2	Heildargeislaskammtar	13
4.	Umræða	14
4.1	Óvissa í mælingum	14
4.2	Samanburður við aðrar rannsóknir	15
	Geislaskammtur miðað við 45 mm plexigler	15
	Geislaskammtamælingar í Svíþjóð og í Bretlandi	16
4.3	Áhætta vegna geislunar	17
5.	Lokaorð	20
	Heimildir	22
	Viðaukar (1-7)	

1. Inngangur.

Almenn hópskoðun kvenna með röntgenmyndatöku (mammógraffu) til leitar að krabbameini í brjóstum hefur verið framkvæmd á Íslandi á vegum Krabbameinsfélags Íslands (K.Í.) síðan í nóvember 1987. Almennt séð eru geislaskammtar á kirtilvef brjósta með þeim tækjum og myndgerðarkröfum sem notaðar eru við hópskoðanir vel þekktir. Nauðsynlegt er þó að leggja mat á og fylgjast með þeim geislaskömmtum sem um er að ræða við hópskoðanir í hverju landi. Annars vegar til staðfestingar á því að þeir séu innan eðlilegra marka samkvæmt alþjóðlegum viðmiðunum og hins vegar veita þeir mikilvægar upplýsingar um ýmsa gæðaðætti. Haustið 1991 veitti Vísindasjóður K.Í. Geislavörnum ríkisins styrk, að upphæð kr. 300.000.-, til að framkvæma slíkt mat. Um er að ræða samstarfsverkefni aðila frá Geislavörnum og Krabbameinsfélagi.

Markmið verkefnisins var fyrst og fremst að gera nákvæmar mælingar á geislaskömmtum kirtilvefs brjósta við röntgenmyndatöku á þeim. Einnig að nota þau mæligögn sem hafa verið tölvuskráð við hópskoðunina til að meta geislaskammta síðustu ára.

Verkefnið fólst einkum í ítarlegum mælingum á útgangsgeislun, helmingunargildi og háspennu þeirra þriggja röntgentækja sem notuð eru við hópskoðunina, ásamt vinnu við gerð tölvuforrits sem reiknar út geislaskammta út frá tölvuskráðum tókugögnum og þekktum reiknistuðlum. Þess má geta að slík tölvuskráning tókugagna við röntgenmyndatöku er nýjung hér á landi sem annars staðar. Ýmsir gallar í skráningunni komu þó í ljós, og varð vinnan við að færa gögnin yfir á nothæft form því margfalt meiri en búist var við.

Í ljós kom að tvö röntgentækjanna voru með meðalgeislaskammt á bilinu 1 - 1,2 mGy, en það þriðja var með meðalgeislaskammt hærrí en 2 mGy. Síðastnefnda tækinu þarf því að breyta til þess að það standist viðmiðanir geislavarnastofnanna Norðurlandanna⁽⁵⁾ um geislaskammta við hópskoðun með röntgenmyndatöku af brjóstum.

Frekari vinna er nauðsynleg til þess að lagfæra tölvuskráningarkerfi tókugagna við hópskoðunina og tengja nýja forritið við það. Gæti það þá nýst sem stöðugur gæðatryggingarvísir fyrir allt myndgerðarkerfið, um leið og upplýsingar um geislaskammta yrðu ætíð til reiðu.


2. Framkvæmd.

Nákvæmar lýsingar á aðferðum til að mæla meðalgeislaskammt kirtilvefs brjósta hafa verið birtar annars staðar⁽¹⁻⁷⁾, og hér verður þeirri aðferð sem beitt var einungis lýst stuttlega. Geislaskammturinn er áætlaður með eftirfarandi framsetningu:

$$D_g = K_a * f$$

þar sem D_g er meðalgeislaskammtur kirtilvefs fyrir staðlað brjóst, sjá mynd 1, og K_a er jónun í lofti við yfirborð brjóstsins. Reiknistuðullinn f er fall af háspennu, helmingunargildi, tegund anóðu og forsíu röntgentækisins, og er gildi hans skráð í töflum^(3, 4).

Hér á eftir munum við nota orðið geislaskammtur þegar átt er við meðalgeislaskammt kirtilvefs einstaks brjósts. Þegar um er að ræða meðaltal margra mælinga er talað um meðalgeislaskammt.



Mynd 1

Reiknilíkan fyrir útreikning á meðalgeislaskammti kirtilvefs.

Við útreikning á reiknistuðlinum f hafa tvö mismunandi rúmfræðileg reiknilíkön einkum verið notuð:

- * Fastur pressuþrýstingur - jöfn brjóstabykkt (Firm Compression - Uniform Breast Thickness)
- * Miðlungs pressuþrýstingur - breytileg brjóstabykkt (Moderate Compression -Non-Uniform Breast Thickness).

Auk þess er greint á milli lóðréttrar (craniocaudal) og láréttrar (mediolateral) geislafestefnu.

Nokkur söfn með þessum reiknistuðlum eru til og í þessari rannsókn er stuðst við söfn reiknistuðla frá Servomaa og Tapiovaara⁽⁴⁾ og Rosenstein og Andersen⁽³⁾. Hið fyrrnefnda er nákvæmar útfært og greinir meðal annars á milli mismunandi tegunda forsía og anóða, en safnið inniheldur aðeins tölur fyrir lóðrétta geislafestefnu. Tölur fyrir lárétta geislafestefnu eru hins vegar skráðar í safn Rosensteins og Andersens fyrir miðlungs pressuþrýsting.

Fyrir orkusviðið sem notað hefur verið í hópskoðuninni, þ.e. 26-30 kV með helmingunargildið um 0,38 mm ál, er hlutfallið á milli geislaskammts við lárétta og lóðrétta geislafestefnu um 1,15 óháð tegund anóðu, forsíu eða kirtilvefsinnihaldi brjósts. Ástæðan fyrir auknum geislaskammti við lárétta geislafestefnu er aukin dreifigeislun frá líkama konunnar inn í brjóstið. Við hópskoðunina er ekki notuð lárétt geislafestefna heldur skástefna (mediolateral oblique). Skástefnan veldur svipaðri aukningu á dreifigeislun og og lárétt stefna og stuðullinn 1,15 því notaður.

Með tilliti til ofangreinds var eftirfarandi reiknisaðferð ákveðin:

1. Fyrir lóðrétta geislafestefnu eru stuðlar Servomaa og Tapiovaara fyrir miðlungs pressuþrýsting notaðir. Geislaskammturinn verður einnig reiknaður út fyrir fastan pressuþrýsting samkvæmt stuðlum Rosenstein og Andersen.
2. Þegar um er að ræða skástefnu eru notaðir stuðlar Servomaa og Tapiovaara fyrir miðlungs pressuþrýsting, lóðrétta geislafestefnu og stuðullinn því margfaldaður með 1,15.

Vegna þess að tókugögn frá hverri rannsókn (hvaða tæki var notað, kV, mAs, þykkt brjóstisins o.fl.) eru geymdar á tölvuformi hjá Krabbameinsfélaginu var ákveðið að útbúa forrit sem tekur þau og reiknar út geislaskammta samkvæmt aðferðinni að ofan. Við þennan útreikning þurfa einnig að vera til staðar í minni tölvunnar niðurstöður eftirfarandi mælinga:

1. Jónun í lofti sem fall af straumtíma (mAs) á ákveðnum stað í röntgensviðinu, mælt fyrir öll háspennugildi og tegundir sía.
2. Helmingunargildið (HVL) í áli mælt við hvert háspennugildi og síu.
3. Háspenna röntgentækisins.

2.1 Framkvæmd mælinga.


Jónun í lofti sem fall af straumtíma.

Jónun í lofti ("exposure") er skilgreind sem heildarhleðsla jóna af einni gerð (+ eða -) sem myndast vegna jónandi geislunar í hverri massaeiningu lofti. SI-einingin er Coulomb/kg (C/kg). Mælirinn sem var notaður í þessari rannsókn sýndi niðurstöður í R (röntgen) og er $1R = 2,58 \times 10^{-4} \text{ C/kg}$.

Í stað jónunar í lofti er algengt að gefa upp þá orku frá jónandi geislun sem hver massaeining geislaðs lofti tekur í sig ("air kerma"), og er einingin Joule/kg eða Gy.

Við mælingarnar var notaður Radcal-mælir með 10X-6M jónunarhylki sem er sérhannað fyrir mælingar í mammógráfu. Tækið er með kvörðun frá verksmiðjunni og var kvörðunin prófuð árið 1990 í sambandi við evrópska samanburðarmælingu á vegum PTB (Physikalisch-Technische Bundesanstalt í Þýskalandi)⁽⁷⁾. Samanburðarmælingarnir sem voru fyrir geislaþæla sem notaðir eru í röntgengreiningu, sýndu að Radcal-mælirinn er með mjög flata svörun m.t.t. mismunandi háspennu og forsú, og að frávik frá réttu gildi er mjög lítið eða innan við 3% á öllu mælissviðinu.


Við mælingarnar var jónunarhylkið staðsett neðan við pressuplötu röntgentækisins, sjá mynd 2. Mælt var við tólf mismunandi mAs-stillingar (5-250 mAs) og gerðar tvær eða þrjár mælingar fyrir hverja stillingu. Sambandinu á milli mAs og útgangsgeislunar er lýst með þriðjugráðu margliðu. Í ljós kom að öll tækin voru með mjög línulega útgangsgeislun m.t.t. mAs, þannig að einnargráðu margliða hefði verið nægileg. Samt sem áður var ákveðið að hafa þriðjugráðu margliðu við útreikningana í forritinu sem reiknar út geislaskammta, þannig að engar breytingar þyrfti að gera fyrir gögn frá tækjum með ólínulega útgangsgeislun. Niðurstöður eru birtar í viðauka 1.



Mynd 2 Mæling á jónun í lofti.

Helmingunargildi (HVL).

Upphaflega var ákveðið að framkvæma mælingarnar við tvö misstór geislasvið og áætla HVL með línulegri brúun frá þessum tveimur geislasviðum að núllsviði. Í ljós kom að munurinn á HVL eftir stærð geislasviðs var vel innan óvissumarka mælinganna. Brúunin var því ekki gerð og HVL einungis mælt fyrir eina stærð geislasviðs, sem er í samræmi við ráðleggingar geislavarnastofnanna á Norðurlöndunum⁽⁵⁾.



Mynd 3 Mæling á helmingunargildi.

Mæliuppstillingin er sýnd á mynd 3. Notaður var 38 mm stór geislasviðsafmarkari og 99,99+ % hreint ál frá Goodfellows Inc. í Englandi. Þykkt álplatnanna var ákveðin með því að vikta þær. Jónunin var mæld með Radcal-mæli með 10X-6M jónunarhyliki, og var svörun jónunarhylkis leiðrétt m.t.t. aukinnar meðalorku geislunar þegar ál var sett í geislasviðið. Til að fylgjast með breytileika í útgangsgeslun röntgentækisins var notaður Capintec-mælir með 0,6 ml jónunarhyliki. Meðaltal af þremur mælingum var notað fyrir hverja álþykkt. Til að lýsa sambandinu milli álþykktar og útgangsgeslunar var notuð nálgun með annarrargráðu margliðu og HVL reiknað út frá henni. Niðurstöður eru birtar í töflu 1 og í viðauka 2.

Tafla 1 Helmingunargildi (mm ál)

Háspenna (kVp)	Reykjavíkur- tækið	Farandtækið		Akureyrar- tækið
		Molybdensía	Palladíumsía	
26	0,33	0,37	0,38	0,33
27	0,35	0,38	0,41	0,34
28	0,36	0,38	0,42	0,35
29	0,36	0,38	0,43	0,35
30	0,37	0,39	0,44	0,36

Háspenna.

Frá upphafi starfsemi röntgendeildar K.Í. árið 1985 hafa tvær aðferðir verið notaðar til að mæla háspennu röntgentækjanna. Tækjunum fylgir mælir frá framleiðanda sem tengist "feedback"-lykkju í háspennustýringu þeirra og er hann kvarðaður í verksmiðjunni. Þá hefur verið notaður mælir frá fyrirtækinu RMI, sem mælir háspennuna út frá orku röntgengeislans sjálfs. Þessum mælum ber ekki saman, en skekkjan er línuleg. Margar skráningar eru til á gildum mældum með RMI-mælinum, og sýna þær að háspennan er mjög stöðug. Sveiflusjármyndir sýna að háspennan er mjög stöðug og ristíminn stuttur, 10-30 ms og spennuformið sem næst hreinu DC-formi. Digi-X-mælir Geislavarna ríkisins er með kvörðun fyrir mammógraffutæki og ber honum saman við mælinn frá framleiðanda. Niðurstöður mælinga með Digi-X eru lagðar til grundvallar í öllum geislaskammtaútreikningum.

2.2 Tölvuvinnsla.

Tökugögn frá hverri myndatöku í hópskoðuninni eru geymd sem öryggisafrit á ASCII formi í tölvum röntgentækjanna. Í ljós kom að tölvuskrárnar voru verulega gallaðar. Gagnasöfnunarforritið í tölvum röntgentækjanna var greinilega gallað og vinnubrögðum við það ábótavant.

Í fyrsta lagi hafði greinilega oft verið slökkt á tölvunum í lok vinnudags án þess að fara rétt að. Þetta hafði í för með sér að alls konar rugl kom inn í textaskrárnar og ómögulegt var að lesa þær án sérstakra ráðstafana. Gert var sérstakt forrit sem skipti skránum niður í hluta, tíndi ruglið út og setti síðan skrárnar saman að nýju.

Í öðru lagi höfðu oft verið tekin fleiri en eitt öryggisafrit af sömu gögnum og því margar færslur endurteknar, sem þurfti að finna og eyða.

Fleiri galla má nefna:

- * Tölustafi vantaði í kennitölur, og var sérstakt forrit útbúið til að laga þær. Kennitölur voru meðal annars notaðar til að kanna aldursdreifingu geislaskammtanna.
- * Ekki var hægt að nota gildin í sviðinu fyrir mAs.
- * Forritið tók ekki við geislunartímum sem voru lengri en 1000 ms. Sem betur fer voru líka í skránum niðurstöður frá geislaælingu sem röntgentækið gerir fyrir hverja myndatöku, og var hægt að ákvarða geislunartímann út frá henni.
- * Villutilkynningar röntgentækisins voru skrifaðar inn í skrárnar, sem er mjög óheppilegt.

Þegar búið var að laga skrárnar var þeim breytt í skrár fyrir PARADOX gagnagrunnskerfi, og öll áframhaldandi úrvinnsla var unnin í því.

Eins og áður hefur komið fram þurfa tæknilegar upplýsingar fyrir hvert tæki, þ.á.m. jónun í lofti á ákveðnum stað í röntgensviðinu og helmingunargildið, að liggja fyrir svo hægt sé að reikna út geislaskammta. Þessar upplýsingar eru geymdar í ASCII textaskrár og lesnar inn í minni tölvunnar þegar geislaskammtar eru reiknaðir út.

Til viðbótar þurfa reiknistuðlar frá jónun í lofti við yfirborð brjóstsins til geislaskammts kirtilvefs að vera til staðar. Með forriti sem notar línulega brúun í töflum úr stuðlasafni Servomaa og Tapiovaara⁽⁴⁾ eru búnar til sérstakar töflur fyrir hvert röntgentæki. Þær eru síðan skrifaðar inn í lok áður nefndra upplýsingaskráa. Skrárnar eru sýndar í viðauka 3.

Pascal-forrit sem reiknar út geislaskammta er birt í viðauka 4. Hluta af þessu forriti er hægt að tengja gagnasöfnunarforriti röntgentækjanna og fá þannig sjálfvirka útreikninga og birtingu geislaskammts á skjá við hverja myndatöku.

3. Niðurstöður.

3.1 Niðurstöður frá einstökum tækjum.

Þrjú röntgentæki hafa aðallega verið notuð við hópskoðun á brjóstum kvenna. Eitt á röntgendeild K.Í. í Skógarhlíð 8, Reykjavík, eitt farandtæki sem flutt hefur verið um landið og eitt á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Meðalgeislaskammtar í töflunum hér á eftir eru reiknaðir út samkvæmt stuðlum Servomaa og Tapiovaara⁽⁴⁾. Ítarlegar niðurstöður, þar sem meðal annars eru reiknaðir út meðalgeislaskammtar samkvæmt stuðlum Rosenstein og Andersen⁽³⁾, eru birtar í viðauka 5. Tölvugögnin hafa einnig gefið tækifæri til að kanna marga aðra þætti, og er dæmum um það lýst í viðauka 6.

Röntgentækið í Reykjavík.


Tækið er með molybdenanóðu, molybdenforsú og hreyfanlega dreifigeislasíu. Föst dreifigeislasía var á tækinu áður en neðangreindar mælingar hófust. Meðalgeislaskammtar og aðrar upplýsingar eru sýnd í töflu 2.

Tafla 2. Niðurstöður frá Reykjavíkurtæki, september 1990 - apríl 1992.

Ár	Fjöldi skráðra myndataka	Meðalgeislaskammtur (mGy)	Staðalfrávik mælinga (mGy)	Hæsti geislaskammtur (mGy)
1990	4491	1,4	0,6	8,4
1991	17838	1,3	0,7	8,4
1992	1456	1,2	0,6	4,4


Eins og sjá má í töflunni og á mynd 4 hefur geislaskammturinn lækkað lítillega frá 1990. Tækið hefur verið óbreytt allt tímabilið, þannig að lækkunin gæti t.d. átt rætur að rekja til vinnubragða röntgentæknanna. Þó er ekki hægt að benda ákveðið á neinn sérstakan þátt. Rætt er nánar um þetta í viðauka 6.

Dreifing geislaskammtanna fyrir allt tímabilið, þ.e. september 1990 - apríl 1992, er sýnd á mynd 5. Dreifingin er dæmigerð, og svipuð fyrir öll tækin. Geislaskammturinn sem fall af brjóstabykkt er sýndur á mynd 6.




Mynd 4

Þróun meðalgeislaskammta fyrir Reykjavíkurtækið, september 1990 - apríl 1992. Púntarnir á ferlinum sýna meðalgeislaskammt kirtilvefs hvers mánaðar.



Mynd 5


Dreifing meðalgeislaskammta kirtilvefs fyrir Reykjavíkurtækið, september 1990 - apríl 1992.



Mynd 6 Meðalgeislaskammtar sem fall af brjóstþykkt fyrir Reykjavíkurtækið, september 1990 -apríl 1992. Punktalínur sýna +/- 1 staðalfrávik.

Farandröntgentækið.

Þetta röntgentæki er frábrugðið hinum að því leyti að hægt er að velja á milli tvenns konar forsía, molybdenum og palladíum. Auk þess er tækið með wolframanoðu. Á miðju ári 1991 var tækinu breytt, þannig að í stað upprunalegrar fastrar dreifigeislasú var sett hreyfisía. Þetta hafði í för með sér verulega lækkun á geislaskammti eins og glögg má sjá á mynd 7 og í töflu 3.



Mynd 7 Þróun meðalgeislaskammta fyrir farandtækið, 1990 - 1992.

Tafla 3. Niðurstöður frá farandröntgentæki, janúar 1989 - mars 1992.

Ár	Fjöldi skráðra myndataka	Meðalgeisla-skammtur (mGy)	Staðalfrávik mælinga (mGy)	Hæsti geisla-skammtur (mGy)
1989	12795	1,9	0,7	7,8
1990	5773	2,0	0,7	6,7
1991, fyrir breytingu	2994	1,9	0,6	5,4
1991, eftir breytingu	2162	1,0	0,4	3,9
1992	524	1,0	0,4	2,9

Röntgentækið á Akureyri.

Tækið á Akureyri er með molybdenanóðu, molybdenforsú, og fastri dreifigeislasú. Tölvann sem er tengd við tækið geymir ekki dagsetningu og tíma þegar slökkt er á henni, og þarf því að slá slíkt inn í hvert skipti sem kveikt er á tölvunni. Það hefur ekki verið gert, og því er ekki hægt að rekja geislaskammta til einstakra ára eins og á hinum tækjunum. Hins vegar hafa engar breytingar verið gerðar á tækinu síðan það var tekið í notkun. Meðalgeislaskammtur og aðrar upplýsingar fyrir árin 1990-1992 eru sýndar í töflu 4.

Tafla 4. Niðurstöður frá Akureyrartæki, 1990 - 1992.

Fjöldi skráðra myndataka	Meðalgeisla-skammtur (mGy)	Staðalfrávik mælinga (mGy)	Hæsti geisla-skammtur (mGy)
2854	2,1	0,8	5,7

Eins og sjá má er geislaskammturinn mun hærri en í hinum tækjunum, sem stafar fyrst og fremst af því að það er með öðruvísi dreifigeislasú. Um er að ræða fasta dreifigeislasú þar sem milliefnið er ál, en hin tækin eru með hreyfisú þar sem milliefnið er pappír. Ekki er hægt að fá fasta dreifigeislasú með pappír sem milliefni.

3.2 Heildargeislaskammtar.

Með því að margfalda meðalgeislaskammt fyrir hvert ár og tæki með heildarfjölda kvenna sem rannsakaðar voru er hægt að áætla meðalgeislaskammt og heildargeislaskammt vegna hópskoðunarinnar. Við hverja rannsókn eru teknar fjórar myndir, tvær af hvoru brjósti, þannig að geislaskammtur á hverja konu verður tvöfaldur meðalgeislaskammtur. Niðurstöður fyrir árin 1990 og 1991 eru sýndar í töflu 5.

Tafla 5. Fjöldi rannsókna, meðal- og heildargeislaskammtar, 1990 og 1991.

	Fjöldi rannsókna			Meðal-geisla-skammtur á rannsókn (mGy)	Heildar-geisla-skammtur (Gy)
	Reykjavík	Farandtækið	Akureyri		
1990	9077	4110	559	3,2	44,2
1991, fyrir breytingu á farandtækinu	2317	946	278	3,0	10,8
1991, eftir breytingu á farandtækinu	6599	3338	708	2,6	26,8

Með vissum fyrirvörum um heildarfjölda rannsókna er hægt að áætla geislaskammt fyrir árið 1992. Farandröntgentækinu var breytt í ágúst 1991 og mælingar sýna að geislaskammturinn varð svipaður og í Reykjavíkurtækinu. Ef reiknað er með að helmingur af rannsóknum ársins á þessu tæki hafi verið gerðar fyrir breytinguna, að engar breytingar verði gerðar á tækinu á Akureyri og að fjöldi rannsókna verði sami og 1991, verður meðalgeislaskammtur á rannsókn **2,6 mGy** og heildargeislaskammtur um **37 Gy**. Með því að setja hreyfisú á tækið á Akureyri mun geislaskammturinn lækka um **2 Gy**, svo hægt er að reikna með að árlegur geislaskammtur vegna hópskoðunar hér á landi muni verða um **35 Gy** eða **2,5 mGy** á rannsókn.

4. Umræða.

4.1 Óvissa í mælingum.

Til þess að meta skekkjumörk í geislaskammtamælingum þarf að meta óvissuna í mælingum á jónun í lofti og í reiknistuðlinum sem notaður er til að reikna frá jónun í lofti á yfirborði brjósts til meðalgeislaskammts kirtilvefs.

Óvissa í mælingum á jónun í lofti á viðmiðunarstað í röntgensviðinu er innan við 4%. Hér er reiknað með 5 mm óvissu í staðsetningu jónunarhyllkis, sem leiðir af sér 2,5% óvissu í mælingum miðað við 395 mm fókus-nema-fjarlægð, og 3% óvissu í svörun jónunarhyllkis.

Óvissan í reiknistuðlinum er háð eftirfarandi þáttum:

- * Óvissu í háspennu röntgentækisins. Hún er innan við 1,5 kVp og leiðir af sér 0,03 mGy/R óvissu í reiknistuðlinum.
- * Óvissu í helmingunargildinu. Hana er mjög erfitt að meta, en miðað við grein eftir Wagner et. al.⁽⁶⁾ er reiknað með að hún sé innan við 7%, sem leiðir af sér 0,09 mGy/R óvissu í reiknistuðlinum.
- * Óvissu í kirtilvefsinnihaldi brjósts. Við geislaskammtaútreikninga hafa verið notaðir stuðlar fyrir 50% kirtilvefsinnihald. Ef reiknað er með að meðalkirtilvefsinnihald brjósta íslenskra kvenna sé á bilinu 40-60%, leiðir það til 0,08 mGy/R óvissu í reiknistuðlinum.
- * Óvissu í brjóstapykkt sem er +/- 5 mm. Hún hefur hins vegar einnig áhrif á gildi fyrir jónun í lofti við yfirborði brjósts, og verka þessir þættir hvor á móti öðrum. Ef mæld brjóstapykkt er minni en í raun þá er reiknuð jónun við yfirborð brjósts einnig minni en í raun. Hins vegar verður valinn reiknistuðull of hár. Þetta snýst við ef brjóstapykktin mælist stærra en hún er. Með því að reikna út geislaskammta fyrir mismunandi þykk brjóst en með sama geislunartíma hefur komið í ljós að 5 mm breyting í brjóstapykkt leiðir af sér 7% breytingu á geislaskammti. Þetta samsvarar 0,11 mGy/R óvissu í reiknistuðlinum.

Heildaróvissan í reiknistuðlinum er því 0,17 mGy/R og með 4% óvissu í jónun í lofti við yfirborð brjósts verður óvissa geislaskammtaútreikninga 11%. Þegar geislaskammtur er metinn fyrir staðlað brjóst, þ.e. við notkun plexiglers og 50% kirtilvefshlutfall, hverfur bæði óvissan vegna brjóstapykktar og kirtilvefshlutfalls og óvissan í reiknistuðlinum verður því 0,09 mGy/R eða 6% óvissa í geislaskammti.

Sem dæmi má taka meðalgeislaskammt fyrir tækið í Reykjavík árið 1992. Hann er 1,2 mGy, með 0,1 mGy óvissu. Ef miðað er við staðlað brjóst (sjá kafla 4.2) verður geislaskammturinn 1,1 mGy, með 0,1 mGy óvissu.

4.2 Samanburður við aðrar rannsóknir.

Í þessum hluta verða niðurstöðurnar bornar saman við sambærilegar erlendar rannsóknir og viðmiðanir varðandi geislaskammta við brjóstamyndatökur.

Geislaskammtur miðað við 45 mm plexigler.

Til viðmiðunar og til að bera saman mismunandi tækni og tæki á milli staða og landa er 45 mm plexigler notað sem líkan af brjósti með 50% fitu og 50% kirtilvefsinnihald. Niðurstöður fyrir tækin á Íslandi eru sýndar í töflu 6.

Tafla 6. Niðurstöður við geislun á 45 mm plexigler, lóðrétt geislustefna.

Tæki	Háspenna/ straumur (kV/mA)	Geislunar- tími (ms)	Meðal- geisla- skammtur kirtilvefs (mGy) ^(a)	Meðal- geisla- skammtur kirtilvefs (mGy) ^(b)	Geisla- skammtur við yfirborð brjósts (mGy) ^(c)
Reykjavík	28/75	430	1,1	1,2	6,3
Farandtæki, molybden	28/85	690	1,1	1,1	5,5
Akureyri	28/55	1290	2,3	2,4	13,1

(a) Samkvæmt Servomaa og Tapiovaara⁽⁴⁾

(b) Samkvæmt Rosenstein og Andersen⁽³⁾

(c) Geislaskammtur miðað við vöðva, innifalið dreifigeislun, við yfirborð brjósts.

Geislavarnastofnanir á Norðurlöndunum mæla með að ofangreindir meðalgeislaskammtar kirtilvefs séu minni en 1,4 mGy⁽⁶⁾. Greinilegt er því að Akureyrartækið liggur ofan þeirra marka.

Evrópubandalagið mælir með að geislaskammtur við yfirborð staðlaðs brjósts án notkunar dreifigeislasíu sé minni en 10 mGy⁽⁹⁾, sem er mun hærri en það sem geislavarnastofnanir á Norðurlöndum miða við. Heilbrigðisráðuneytið í Bretlandi (Department of Health and Social Security) hefur sett sem viðmiðun að meðalgeislaskammtur kirtilvefs fyrir staðlað brjóst sé minni en 3 mGy⁽¹⁰⁾, og Bandaríska geislavarnaráðið (National Council of Radiation Protection) miðar við 4 mGy⁽²⁾. Öll íslensku tækin sem notuð eru við hópskoðunina eru þannig vel innan þessara marka.

Geislaskammtamælingar í Svíþjóð og í Bretlandi.

Geislaskammtamælingar hafa verið gerðar í Gautaborg í Svíþjóð í sambandi við hópskoðun þar⁽¹¹⁾. Gerðar voru mælingar á 1350 konum og er reiknisaðferðin mjög svipuð okkar, þ.e. umreikningur frá jónun í lofti til meðalgeislaskammts kirtilvefs með notkun viðurkenndra stuðla. HVL var mæld án pressuplötu í geislasviðinu og niðurstaðan verður því HVL=0,3 mm ál (þ.e. 0,06 mm minni en hjá okkur, sem þýðir u.þ.b. 20% lækun á geislaskammti) og notaðir voru stuðlar Rosensteins og Andersens. Meðalgeislaskammtur í Gautaborg var **1,2 mGy** með **0,5 mGy** staðalfrávik og meðalþykkt brjóstá 50 mm. Gerð röntgentækisins í Reykjavík er mjög svipuð og tækisins í Gautaborg. Ef notaður er sami reiknistuðull (þ.e. Rosenstein og Andersen fyrir HVL=0,32 mm, sjá viðauka 1) verður meðalgeislaskammtur fyrir Reykjavíkurtækið árið 1992 **1,1 mGy**, staðalfrávik **0,6 mGy** og meðalþykkt brjóstá er **45 mm**, sjá viðauka 5. Munurinn (0,1 mGy) stafar af mismunandi þykkt brjóstá, svo niðurstöðurnar eru mjög svipaðar.

Mælingar á plexigleri hafa verið gerðar í Bretlandi á stórum hluta þeirra röntgentækja sem notuð eru við hópskoðun⁽¹²⁾. Aðferðin við að meta geislaskammt er hins vegar talsvert frábrugðin okkar og er notaður geislunartími miðað við 40 mm plexigler en reiknistuðla fyrir 45 mm brjóst. Mælingarnar sýna að geislaskammtar staðlaðs brjósts eru á bilinu 0,7-2,6 mGy og 1,3 mGy er meðaltal fyrir öll tækin sem rannsóknin náði til. Sama reiknisaðferð gefur 0,8 mGy fyrir Reykjavíkurtækið og 1,8 mGy fyrir Akureyrartækið.

4.3 Áhætta vegna geislunar

Í eftirfarandi umfjöllun er aðeins fjallað um einn þátt af mörgum sem hafa áhrif á mat á heildargagnsemi hópskoðunar vegna brjóstakrabbameins.

Þegar meðalgeislaskammtur og fjöldi rannsókna á hverju ári eru þekktir, er hægt að segja eitthvað um áhættu í sambandi við núverandi aðferð. Mjög mikil óvissa er þó tengd útreikningum af þessu tagi, svo að eftirfarandi niðurstöður sýna frekar stærðargráður en nákvæm töluleg gildi.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar til að skilgreina áhættu af jónandi geislun á brjóst. Vitað er, að háum geislaskömmtum fylgir aukin áhætta á myndun krabbameins í brjóstum sem og öðrum líffærum. Þegar notað er svokallað línulegt reiknilíkan (þ.e. línulegt samband á milli áhættu og geislaskammts), gefa rannsóknir svipaðar niðurstöður, þ.e. 2-8 umframkrabbamein per 10.000 konur per ár per Gy. Ekki er sannað að lágir geislaskammtar valdi aukinni áhættu. Við áhættuútreikninga er þó reiknað með línulegu sambandi, í samræmi við ráðleggingar Alþjóðageislavarnaráðsins (International Commission of Radiation Protection, ICRP). Síðustu ár hafa áhættustuðlar fyrir banvænt krabbamein vegna jónandi geislunar farið hækkandi fyrir aðra líkamshluta en brjóst.

Áhættustuðlarnir sem hér verða notaðir eru teknir úr síðustu skýrslu National Academy of Sciences í Bandaríkjunum, BEIR V⁽¹³⁾, sjá töflu 7. Tölur þessarar skýrslu voru meðal annars notaðar af Alþjóðageislavarnaráðinu, í mati þess á áhættu vegna jónandi geislunar⁽¹⁴⁾. BEIR V er sérstök að því leyti að hér kemur fram í fyrsta skipti lækun áhættu á krabbameini í brjósti með tilliti til aldurs konunnar við geislunina.

Tafla 7 Banvæn umframkrabbamein (excess lifetime mortality) eftir 1 Gy röntgengeislun⁽¹³⁾.

Aldur (ár) við geislun	Banvæn umframkrabba- meín per 10 ⁴ konur
35	43
45	20
55	6
65	--

Áhættustuðlar BEIR V eru gefnir upp sem áhætta vegna banvæns krabbameins. Hér á eftir eru þessir stuðlar tvöfaldaðir til þess að bæta við læknanlegu krabbameini, og er það samkvæmt aðferðum Alþjóðageislavarnaráðsins^(14, tafla B-19).

Í töflu 8 er sýndur áætlaður fjöldi krabbameina sem myndast samkvæmt BEIR V þegar meðalgeislaskammtur er 2,0 og 2,5 mGy á rannsókn.

Tafla 8 Umframkrabbamein per 10^4 per Gy og per 10^6 rannsóknir⁽¹³⁾.

Aldur við geislun (ár)	Umframkrabbamein per 10^4 per Gy	Umframkrabbamein per 10^6 rannsóknir	
		2,0 mGy á rannsókn	2,5 mGy á rannsókn
35 - 39	77	15	19
40 - 44	54	11	14
45 - 49	34	7	9
50 - 54	20	4	5
55 - 59	6	1	2
60 -	--	--	--

Ef reiknað er með því að 15.000 konur að meðaltali fari í krabbameinsleit á hverju ári og að 30 krabbamein að meðaltali greinist eingöngu vegna myndatökunnar, má meta hlutfall milli greindra krabbameina og geislamyndaðra umframkrabbameina. Niðurstöður eru sýndar í töflu 9.

Tafla 9 Hlutfall milli greindra og geislamyndaðra krabbameina.

Aldur við geislun (ár)	Fjöldi kvenna	Fjöldi greindra krabbameina	Hlutfall milli greindra og geislamyndaðra krabbameina	
			2,0 mGy á rannsókn	2,5 mGy á rannsókn
35 - 39	1000	2	130	100
40 - 44	2500	4	150	120
45 - 49	2500	4	230	180
50 - 54	2500	4	400	320
55 - 59	2500	4	1600	1300
60 -	4000	4	----	---

Ef aldursdreifing kvenna í hópskoðuninni er eins og í töflu 9, áhættustuðlar eins og í töflu 8 og meðalgeislaskammtur 2,5 mGy á rannsókn, má reikna með að eitt krabbameinstillfelli myndist að meðaltali á ellefu ára fresti. Ef geislaskammturinn er 2,0 mGy á rannsókn ætti eitt krabbameinstillfelli að myndast á fjórtán ára fresti. Miðað við þessa niðurstöður hefur hópskoðun með röntgenmyndatöku af brjóstum ótvírætt gildi og þess meira sem konurnar eru eldri, sé eingöngu miðað við hlutfall greindra og geislamyndaðra krabbameina.

5. Lokaorð.

Mjög ítarleg úttekt á hópskoðuninni frá geislavarnasjónarmiði hefur nú verið framkvæmd. Sýnt hefur verið fram á að hægt er að halda geislaskömmtum og þar af leiðandi áhættu vegna starfseminnar langt fyrir neðan alþjóðlegar viðmiðanir.

Hins vegar er rétt að benda á eftirfarandi:

1. Nauðsynlegt er að skipta um dreifigeislasú í tækinu á Akureyri ef ætlunin er að halda áfram hópskoðun með því tæki. Tekið skal fram að í viðmiðunum Norðurlandanna er einkum tekið fram að notkun á fastri dreifigeislasú er ekki æskileg í sambandi við hópskoðun^(5, bls. 6).
2. Nauðsynlegt er að geta fylgst náið með getu myndgerðarkerfisins, þ.e. ástandi röntgentækja og framköllunar. Gagnasöfnunarforritið kemur í því sambandi að mjög góðum notum. Það er því mjög mikilvægt að tölvan sé alltaf í notkun við myndatökur. Ákveðnar tregðu hefur gætt hjá starfsfólki við að nota gagnasöfnunartölvurnar, en það breytist vonandi þegar sést til hvers hægt er að nota gögnin. Komið hefur í ljós, að hnökrar eru á forritinu og er nauðsynlegt að lagfæra þá. Auk þess þarf að tryggja að dagsetning og tími verði alltaf færð inn í tölvuna á Akureyri þegar kveikt er á henni.

Hægt er að gera forritið enn betra og er hér bent á eftirfarandi:

- * Láta forritið reikna út geislaskammta og birta niðurstöður á skjá eftir hverja töku.
- * Forritið gæti metið hvort nota þurfi svertuleiðréttingu (density correction) í upphafi hvers vinnudags.

Einnig er hægt að gera sérstakt forrit til að fylgjast náið með nokkrum þáttum í notkun röntgentækjanna, svo sem geislaskömmtum, pressuþrýstingi, notkun háspennu og svertuleiðréttingu, svo og breytingum á öllum þessum atriðum. Forrit af þessu tagi yrði ómetanlegt hjálpartæki, við ákvarðanir sem varða gæði heildarkerfisins. Nefna má atriði eins og val á filmuhylki og ljósmögnunarþynnu, vinnubrögð við myndatökuna, ástand tækjabúnaðar o.s.frv. Þar sem mjög auðvelt væri að greina tilhneigingar einstakra breyta, yrði í mörgum tilfellum hægt að gera leiðréttingar áður en frávik yrðu marktæk.

Sýningarforrit af þessu tagi hefur verið útbúið, og var lýsing á því birt á sýningarspjaldi á ráðstefnu í Þýskalandi, "Test Phantoms and Optimisation in Diagnostic Radiology and Nuclear Medicine", og grein tengd sýningarspjaldinu hefur verið samþykkt til birtingar í "Radiation Protection Dosimetry". Ljósrit af greininni er birt í viðauka 7.

Í viðauka 6 er fjallað um samspil pressuþrýstings, brjóstaþykktar og háspennu, en þessi rannsókn hefur ekki leitt í ljós einfalt sambengi á milli pressuþrýstings og geislaskammts þrátt fyrir að í sumum heimildum^(2,5) komi fram að áhrif pressuþrýstings á geislaskammta séu veruleg. Þetta atriði þarf að kanna betur, með því t.d að afla upplýsinga um þéttleika brjósta. Þá er hægt að leiðrétta geislaskammta með tilliti til hlutfalls fitu og kirtilvefs og reyna að finna áhrif pressuþrýstings á geislaskammta, með því að bera saman brjóst með svipað kirtilvefshlutfall. Pressan getur valdið sársauka, og líklegt er að pressa umfram eitthvert gildi skili litlu í myndgæðum. Það er því áhugavert að finna það svið pressuþrýstings sem bæði skilar sem bestum myndgæðum og minnstum geislaskammti án þess að valda konum óþarfa óþægindum. Sjá nánar í viðauka 6.

Heimildir

- 1 Carlsson C. A. and Alm Carlsson G., 1990, *Dosimetry in Diagnostic Radiology and Computerized Tomography. Mammography Dosimetry.*, in *Dosimetry of Ionizing Radiation*, Vol. III, eds. Kase K.R., Bjärngard B.E. and Attix F.H., Academic Press, New York.
- 2 NCRP, 1986, *Mammography - A User's Guide*, NCRP Report No. 85 (National Council on Radiation Protection and Measurement, Bethesda, Md, USA).
- 3 Rosenstein M., Anderson L. W. og Warner G. G., 1985, *Handbook of Glandular Tissue Doses in Mammography*, HHS Publication FDA 85-8239 (US Dept of Health and Human Services, Rockville, Maryland).
- 4 Servomaa A. og Tapiovaara M., 1991, *Glandular Tissue Dose in Film - Screen Mammography*, Finnish Centre for Radiation and Nuclear Safety, Preliminary report.
- 5 Strålskyddsmyndigheterna i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige, 1990, *Om mammografi*, Nordisk rapportserie i strålskyddsfrågor, Nr 1.
- 6 Wall B.F., Harrison R.M. og Spiers F.W., 1982, *Patient Dosimetry Techniques in Diagnostic Radiology*, IPSM Report no 53 (The Institute of Physical Sciences in Medicine, York, England).
- 7 Walderhaug T., Einarsson G., Magnússon S.M., Sigfússon B.F. og Kristinsson S., 1991, *Geislaskammtamælingar í mammógrafíu. Lýsing á og áætlun um framkvæmd*, Skýrsla fyrir Stjórn Krabbameinsfélagsins.
- 8 Wagner K.L., Archer B.R. and Cerra F., 1990, *On the Measurement of Half-Value Layer in Film-Screen Mammography*, *Med. Phys.*, 17 (6), 989 - 997.
- 9 CEC, The Commission of the European Communities Study Group on "Quality Criteria for Diagnostic Radiographic Images", 1989, *Quality Criteria for Diagnostic Radiographic Images. Working Document*, In: *Optimization of Image Quality and Patient Exposure in Diagnostic Radiology*, eds.: Moores B.M., Wall B.F., Eriskat H. and Schibilla H., British Institute of Radiology, London.

- 10 Fitzgerald M., Dance D.R., Fisher K., Lawinski C.P. and Ramsdale M.L., 1989, *The Commissioning and Routine Testing of Mammographic X-ray Systems*, IPISM Report no 59 (The Institute of Physical Sciences in Medicine, York, England).
- 11 Thilander A., Eklund S., Leitz W. and Mattsson S., 1991, *Special Problems of Patient Dosimetry in Mammography*, Statens Strålskyddsinstitut, Sweden, Preliminary report.
- 12 Young K.C. and Ramsdale M.L., 1992, *Image Quality and Dose Measurement Phantoms in UK Breast Screening Programme*, UK National Co-ordinating Centre for the Physics in Mammography, Abstract and Poster at Workshop on Test Phantoms and Optimisation in Diagnostic Radiology and Nuclear Medicine, Würzburg 15-17 June 1992.
- 13 NAS, 1990, *Health Effects of Exposure to Low Levels of Ionizing Radiation*. BEIR V report. National Academy of Sciences. National Academy Press, Washington DC.
- 14 ICRP, 1991, *1990 Recommendations of the International Commission on Radiological Protection*, (The International Commission on Radiological Protection), Ann. ICRP Publ. 60, Vol. 21, No. 1-3, (Pergamon Press, Oxford).

GEISLASKAMMTAR

VIÐ




BRJÓSTAMYNDATÖKUR

VIÐAUKAR (1-7)





Viðauki 1




Sambandið á milli mAs og mGy.





Röntgentækið í Reykjavík. Fókus-Nema-Fjarlægð = 395 mm.



Röntgentækið í Reykjavík. Fókus-Nema-Fjarlægð = 395 mm.




Farandröntgentækið, molybden sía. Fókus-Nema-Fjarlægð = 395 mm.




Farandröntgentækið, molybden sía. Fókus-Nema-Fjarlægð = 395 mm.


26 kV, 95 mA, Palladium filtration.





27 kV, 90 mA, Palladium filtration.






28 kV, 85 mA, Palladium filtration.





Farandröntgentækið, palladíum sía. Fókus-Nema-Fjarlægð = 395 mm.



Farandröntgentækið, palladíum sía. Fókus-Nema-Fjarlægð = 395 mm.






Röntgentækið á Akureyri. Fókus-Nema-Fjarlægð = 392 mm.






